



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

KVÖLDVERÐUR Í HVÍTA HÚSINU FUNDUR Í WASHINGTON

George W. Bush forseti Bandaríkjanna og Laura Bush forsetafrú hafa boðið forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni og Dorrit Moussaieff forsetafrú til kvöldverðar í Hvíta húsinu annaðkvöld, mánudaginn 10. júlí 2006.

Kvöldverðurinn er haldinn til heiðurs Special Olympics, íþróttastarfi í þágu andlega fatlaðra einstaklinga, og í tilefni af afmæli Eunice Kennedy Shriver, stofnanda Special Olympics og systur John F. Kennedy, fyrrum forseta Bandaríkjanna.

Forseti Íslands mun einnig meðan hann dvelur í Washington eiga fundi með ýmsum áhrifamönnum og sérfræðingum, forystumönnum Special Olympics og þingmönnum á bandaríska þinginu.

9. júlí 2006

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).